

Hva, ...ertu ennþá að bíða eftir peningunum þínum?

Ert þú búinn að fá þína lækkun?



Fréttabréf

1. TBL. 3. ÁRG.

Sæktu um samning strax!

Punktur:

Samanburður á gjaldskrá

Almenn gjaldskrá Kortabjónustunnar er samsvarandi mánaðarlegum þóknunum upp á 1,63%-1,85%. Ef þú ert að borga hærra en þetta, fáðu þá veltutengt tilboð frá Kortabjónustunni.


Ert þú að greiða allt að 26% meira fyrir daglegar greiðslur kreditkorta?

Það á ekkert fyrirtæki á Íslandi að greiða hærri þóknun en 1,85% fyrir mánaðarlegt uppgjör kreditortafærslna! Ertu að kaupa þjónustu á réttum stað?

Stærri fyrirtæki ættu að greiða 1,53% eða lægra fyrir mánaðarlegt uppgjör kreditkorta.

Ef þú greiðir í dag meira en 2.0% fyrir mánaðarlegt uppgjör kreditkorta, getur þú fengið greitt daglega fyrir litlu meira (sjá gjaldskrá Kortabjónustunnar).

Þróun þóknunar fyrir dagleg uppgjör á kreditortafærslum



Þóknun Kortabjónustunnar og PBSI er allt að 56% lækkun frá því sem var

Fréttir:

Samkeppni í færsluuppgjöri – ótvíræður hagur verslunar og þjónustu



Kortabjónustan í samstarfi við PBS International A/S (sem er Visa og MasterCard í Danmörku) hafa frá árinu 2002 boðið mun betri kjör í uppgjöri á kreditortafærslum en áður hafði tíðkast á íslenska markaðinum. Uppgjörið á kreditortafærslum er gert 2 virkum dögum eftir að posinn er gerður upp og það á kjörum sem ekki hafa sést á Íslandi áður.

Frá árinu 2002 hefur ýmislegt breyst, svo sem:

- Almennar þóknarir söluaðila hafa lækkað um allt að 40%
- Boðið upp á vikulegar og daglegar greiðslur
- Bunkasöluleyfisgjald horfið
- Sala á færslunótum lækkað um 67%

- Almennar þóknarir fyrir dagleg uppgjör voru samtals á bilinu 5%-6% (2% til 3% auk sölugjalds upp á 3%), en hafa nú lækkað niður í 2,6% hjá Kortabjónustunni/PBSI, sem er lækkun upp á allt að 56%.

Samkeppnin sem Kortabjónustan hefur innleitt í færsluuppgjöri á Íslandi hefur því verið til hagsbóta fyrir alla söluaðila á landinu.

Allir söluaðilar á Íslandi geta fengið umtalsverða lækkun á þóknunina sem þeir greiða í dag fyrir uppgjör á Visa og MasterCard kreditortafærslum. Algengt er að þóknarir hafa lækkað allt að 40%. Ekki sætta þig við óbreytt kjör!

Með fylgjandi fréttabréfinu er umsóknar-eyðublað fyrir þjónustusamning við Kortabjónustuna/PBS.

Sendu okkur umsóknina í faxnúmerið:
55 88 001

eða hafðu samband í síma:
55 88 000

eða með tölvupósti:
korta@korta.is

Bendum einnig á heimasíðuna
www.korta.is

Sæktu um þína þóknun á bilinu 2,40% - 2,60% og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

PAYMENT GATEWAY

by KORTA

Greiðslugátt á netinu:

Greiðslugátt Kortabjónustunnar á netinu gerir söluaðilum kleift að taka við greiðslum í gegnum vefverslun eða bóknarsíður á Internetinu.

SERVICE GATEWAY

by KORTA

Þjónustugátt á netinu:

Þjónustugátt Kortabjónustunnar á netinu gerir söluaðilum kleift að fylgjast með færslum sínum og fá yfirlit yfir færslur sínar. Einnig geta söluaðilar notfært sér vefposa þar.

Ekki verða útundan,
fáðu kjörin sem allir
geta fengið!

Tilkynningar:

Léttgreiðslur Kortþjónustunnar

Ódýrara fyrir korthafann: engin færslugjöld, hvorki á hann né söluaðila!

Ný gjaldskrá fyrir Visa Electron

Ný gjaldskrá Kortþjónustunnar og PBSI fyrir Visa Electron færslur hefur tekið gildi. Gjaldið fyrir Visa Electron færslur er nú 0,60% með lágmarki 10 kr. og hámarki 220 kr. Er þetta almennt lægri gjaldskrá en aðrir bjóða.

Söluaðilar athugið!

Núverandi söluaðilar Kortþjónustunnar/PBSI geta nú ráðið því hvort þeir halda áfram á föstu gjaldi eða skipta yfir í nýja gjaldskrá. Þeir sem vilja skipta hafi samband Kortþjónustuna, sími 55 88 000 eða korta@korta.is

Breytt tímamörk á innsendingum færslna í 21:00

Lokauppgjör posafærslna dagsins hefur verið seinkað til kl. 21:00 á sumartíma og 22:00 á vetrartíma. Þetta kemur sér sérstaklega vel fyrir þá sem hafa opið lengur frameftir.

Allar posategundir og flestar tegundir kassakerfa

Nú geta viðskiptavinir Kortþjónustunnar/PBSI leigt allar gerðir posa hjá Point á Íslandi, Analog, ISDN eða GSM. Þá er einnig mögulegt að tengja flestar tegundir kassakerfa við kerfi Kortþjónustunnar/PBSI.

Einn samningur um kortin



Við hjá PBS International höfum þjónustað söluaðila í Danmörku í yfir 20 ár. Við stundum færsluhirðingu á stærstu alþjóðlegu greiðslukortunum í Danmörku og fyrir söluaðila um alla Evrópu og nú einnig á Íslandi, í samstarfi við Kortþjónustuna ehf.

Sveigjanlegar lausnir

Við bjóðum söluaðilum öruggar og traustar lausnir í greiðslukortauppgjörum, hvort sem greitt er í gegnum POSa eða Internet. Við bjóðum alþjóðlegan kortasamning með örum greiðslum og á samkeppnishæfum kjörum.

Einn samningur er allt sem þarf

Söluaðili gerir aðeins einn samning til að geta tekið við greiðslum með Eurocard/MasterCard, Visa, Visa Electron og JCB kortum. Fáðu frekari upplýsingar um móttöku og uppgjör alþjóðlegra greiðslukorta hjá samstarfsaðila okkar Kortþjónustunni í síma 5588000 eða á www.korta.is

PBS International A/S





Nafn: _____ Forsvarsmáður: _____
Annað heiti: _____ Kennit. Forsv.m.: _____
Kennitala: _____ Sími / Fax: _____
Heimili: _____ Netfang: _____
Póstnr. og staður: _____ Netfang f. uppgjörsyfirlit: _____
Starfsgrein: _____ Bankareikningsnúmer: _____

(hér eftir í þessum samningi nefndur söluaðili)

og Kortþjónustan ehf.
Skiptaholt 50b,
105 Reykjavík, Ísland
Kt. 4306023650

ásamt PBS International A/S
Lautrupbjerg 10,
2750 Ballerup, Danmörku
CVR nr 41 13 61 11

hafa í dag gert með sér samning varðandi færsluhirðingu PBS International á MasterCard, Visa, Visa Electron og JCB kortafærslum söluaðilans með aðstoð Kortþjónustunnar.

Samningnum fylgir eftirfarandi viðaukar (sjá á www.korta.is):

1. Almennar reglur um viðtöku greiðslna með alþjóðlegum greiðslukortum, july 2002 (Eurocard / MasterCard, Visa, Visa Electron og JCB) (hér eftir nefndar Almennar reglur)
2. Verklag við móttöku Korta
3. Reglur sem gilda um netviðskipti (Additional Rules for Internet Merchants)
4. Þjónusta veitt af Kortþjónustunni vegna kortafærslna

Viðaukarnir eru órofa hlutar af samningnum.

Heimild:

Söluaðilanum er skylt að sækja heimild fyrir allar kortagreiðslur sem eru hærrí en eftirfarandi heimildarviðmið:
Smásala: ISK 15.000 Veitingahús: ISK 12.000

Verð:

Posa þjónustugjald: _____% vegna MasterCard, VISA, JCB og erlendra VISA Electron kortafærslna
Posa þjónustugjald: 0,60 %, lágmark 10.- ISK og hámark 220.- ISK vegna íslenskra VISA Electron kortafærslna
Internet/MOTO þjónustugjald: _____% vegna MasterCard, VISA og JCB (skilið eftir autt ef ekki notað)

Í þjónustugjaldi PBS felst:

- Heildar færsluhirðing á MasterCard, Visa, Visa Electron og JCB
- Beinlínuheimild á allar færslur allan sólarhringinn 365 daga á ári
- Handvirk heimild til vara, þegar ekki fæst heimild um beinlínutengingu PBS International
- Heimild í mynt viðskiptanna
- Dagleg uppgjör færslna við PBS International
- Greiðsla í ISK (íslenskum krónum) inn á bankareikning söluaðilans
- Uppgjörlyfirlit send með tölvupósti
- Uppgjörsskrá (kommu-aðgreind skrá) send með tölvupósti
- Þjónusta við viðskiptavinum á ensku allan sólarhringinn 365 daga á ári

Aukagjöld:

- Endurkröfugjald DKK 250,00 fyrir hverja endurkröfu
Gjaldið verður aðeins innheimt ef mótmæli korthafans eru réttmæt.



Uppgjör:

Uppgjör skal fara fram tveimur virkum dögum eftir að PBS International tekur við færslunum, svo fremi að PBS International hafi móttengið og staðfest móttöku eigi síðar en kl.22:00 GMT á vetrartíma frá október til mars og eigi síðar en kl.21:00 á sumartíma frá mars til október, skv. eftirfarandi töflu:

Innsending færslna	Uppgjörsyfirlit	Uppgjör
Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Fimmtudagur	Föstudagur	Mánudagur
Föstudagur	Laugardagur	Mánudagur
Laugardagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur
Sunnudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur
Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur

Uppgjör mun aðeins fara fram á dönskum bankadögum, sem eru allir dagar nema laugardagar, sunnudagar, frídagar (s.s. páskar, hvítasunna og jól), 24. desember og 5. júní. Uppgjörið fer fram sem innlend millifærsla á bankareikning söluaðilans á Íslandi.

PBS International sendir söluaðilanum uppgjörsskrá með nákvæmum upplýsingum um færslurnar, endurkröfur, gjöld o.s.frv. í kommu-aðgreindri skrá á tölvupóstfang sem söluaðilinn tilgreinir.

Þjónustu- og vinnsluaðili:

Kortapjónustan ehf. Skippholti 50b, 105 Reykjavík, Ísland – er þjónustu- og vinnsluaðili samkvæmt Viðauka 4 í tengslum við færslusöfnun, gagnavinnslu, beina heimildum og senda færslur til PBS International. Kortapjónustan og söluaðilarnir munu fá uppgjörsyfirlit á ensku frá PBS International með tölvupósti. Kortapjónustan mun veita söluaðilunum uppgjörsyfirlit á íslensku. Allar greiðslur á uppgjöri við söluaðilann eru framkvæmdar beint af PBS International.

Kortapjónustan mun veita söluaðilunum staðbundna þjónustu. Sú þjónusta er veitt um þjónustusímanúmer og tölvupóstfang. Í þjónustunni felast upplýsingar um daglegar sendingar færslna til Kortapjónustunnar og um uppgjörið, þar sem Kortapjónustan mun svara spurningum í sambandi við innsendingu og uppgjör færslna, þar með taldar upplýsingar um upphæðir og dagsetningar á færslunum. PBS International mun bjóða varaþjónustu, þ.e. þjónustu við viðskiptavini á ensku allan sólarhringinn 365 daga á ári og símaþjónustu varðandi færslur og uppgjör eins og fram kemur hér að neðan. Upplýsingar um þjónustu PBS International eru:

Tengiliður:	Opið:
Sími: +45 4489 2480 Fax: +45 4489 2491 Tölvupóstfang: afregningsservice@pbs.dk Pósthólfíð „afregningsservice@pbs.dk“ verður tæmt tvisvar á hverjum virkum degi.	Mán. – Fim.: 07.30 – 15.00 GMT *) Föst.: 08.00 – 15.00 GMT *) Spurningum verður svarað eigi síðar en næsta virka dag.

*) Vinsamlegast athugið að á dönskum sumartíma er klukkunni seinkað um eina klukkustund frá mars til október.

Ábyrgð á sambandi söluaðilans: PBS International ber fulla ábyrgð á og hefur stjórn á öllu sambandi við söluaðilann, þ.m.t. ákvæði þjónustu Kortapjónustunnar við söluaðilann.

Íslandi, þann

Ballerup, þann

Íslandi, þann

Söluaðilinn

PBS International A/S

Kortapjónustan